



Reykjavík, 3. janúar 2023
MSS22110079

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um verkefni persónuverndarfulltrúa

Á fundi borgarráðs þann 10. nóvember sl. lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram eftirfarandi fyrirspurn um verkefni persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar:

Verið er að skipta Innri endurskoðun upp og sennilega þar með útvíkka hlutverk hennar. Það eiga að starfa þrjú fagsvið innan Innri endurskoðunar í stað tveggja. Þau eru Fagsvið innri endurskoðunar, Fagsvið Ráðgjafar og Fagsvið persónuverndar. Nokkuð er síðan ráðinn var persónuverndarráðgjafi. Flokkur fólksins óskar upplýsinga og yfirlits yfir þau verkefni sem hafa komið inn á hans borð og að þau séu grófflokkuð. Einnig er óskað eftir að vita hvernig þeim lyktaði og hvort aðilar voru sáttir með málalýktirnar.

Það skal áréttað að ekki er verið að skipta upp Innri endurskoðun heldur er verið að skjóta stoðum undir starfsemi Innri endurskoðunar og ráðgjafar Reykjavíkurborgar. Samkvæmt samþykkt borgarráðs dags. 11. júní 2020 sameinuðust embætti umboðsmanns borgarbúa og persónuverndarfulltrúa Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar og þannig varð til eftirlits- og ráðgjafareiningin Innri endurskoðun og ráðgjöf (IER) þar sem saman fer innri endurskoðun, ráðgjöf til borgarbúa og málefni persónuverndar. Ný samþykkt fyrir Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar (IER) og innri endurskoðanda var samþykkt á fundi borgarstjórnar þann 15. júní 2021. Á grundvelli samþykktarinnar hafa verið gerð erindisbréf fyrir þessi viðfangsefni Innri endurskoðunar og ráðgjafar. Með þeim er kveðið með nákvæmari hætti á um framkvæmd verkefna og skilgreina erindisbréfin tilgang, heimildir og ábyrgð.

Þá er rétt sem fram kemur í fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins að nokkuð er síðan að persónuverndarfulltrúi var ráðinn. Það var gert árið 2018 þegar samþykkt voru ný persónuverndarlög 90/2018. Með því var uppfyllt ákvæði 35. gr. laganna sem kveður á um að ábyrgðaraðili og vinnsluaðili skuli tilnefna persónuverndarfulltrúa í sérhverju tilviki þar sem:

1. vinnsla er í höndum stjórnvalds;
2. meginstarfsemi ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila felst í vinnsluaðgerðum sem krefjast, sakir eðlis síns, umfangs eða tilgangs, umfangsmikils, reglubundins og kerfisbundins eftirlits með skráðum einstaklingum, eða
3. meginstarfsemi ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila felst í umfangsmikilli vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga eða upplýsinga sem varða sakfellingar í refsímálum og refsiverð brot.

Öll ofangreind tilvik eiga við um Reykjavíkurborg.

Persónuverndarfulltrúi Reykjavíkurborgar hefur eftirlit með reglufylgni vegna persónuverndar og veitir starfsfólki borgarinnar ráðgjöf í því skyni að tryggja að vinnsla persónuupplýsinga fari fram í samræmi við persónuverndarlög nr. 90/2018, sbr. reglugerð (EB) 2016/679 og



persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar. Til þess þarf persónuverndarfulltrúi að kalla eftir upplýsingum til að greina vinnslustarfsemi Reykjavíkurborgar og veita upplýsingar og ráðgjöf ásamt því að gera tillögur um úrbætur innan stjórnáætlunar á sviði vinnslu persónuupplýsinga, þ.m.t. á sviði upplýsingaöryggis. Persónuverndarfulltrúi sinnir jafnframt fræðsluhlutverki gagnvart starfsfólki borgarinnar.

Reykjavíkurborg leggur sérstaka áherslu á að vinnsla persónuupplýsinga fari fram með lögmætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti og að skyldur Reykjavíkurborgar sem ábyrgðaraðila séu virtar í hvívetna. Líkt og áður kom fram hefur persónuverndarfulltrúi eftirlit með því að skyldum Reykjavíkurborgar á sviði persónuverndarlaga sé framfylgt, sem og að tryggja réttindi hinna skráðu. Geta skráðir einstaklingar haft samband við persónuverndarfulltrúa með öll mál sem tengjast vinnslu á persónuupplýsingum þeirra, ásamt því að fá upplýsingar um það hvernig þeir geti neytt réttar síns samkvæmt persónuverndarreglum.

Í 35. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 er fjallað um persónuverndarfulltrúa og skyldu ábyrgðaraðila til að tilnefna slíkan og gilda fyrir mæli 37.-39. gr. reglugerðar (EB) 2016/679 (pvrgr.) um stöðu hans og verkefni að öðru leyti. Í 39. gr. pvrgr. eru talin upp þau verkefni sem persónuverndarfulltrúi skal sinna. Persónuverndarfulltrúi skal upplýsa ábyrgðaraðila eða vinnsluáðila og starfsmenn, sem annast vinnslu, um skyldu sína samkvæmt pvl. og pvrgr. og veita þeim ráðgjöf þar að lútandi. Persónuverndarfulltrúi fylgist einnig með því að farið sé að ákvæðum pvrgr. og pvl., þ.m.t. varðandi úthlutun ábyrgðar, vitundarvakningu og þjálfun starfsfólks sem tekur þátt í vinnslustarfsemi og tilheyrandi úttektum. Persónuverndarfulltrúi veitir einnig ráðgjöf varðandi mat á áhrifum á persónuvernd, sé farið fram á það, og fylgist með framkvæmd þess. Þá hefur persónuverndarfulltrúi jafnframt það hlutverk að vera tengiliður við eftirlitsfirvaldið, t.a.m. vegna fyrirframsamráðs, og sér um að vinna með eftirlitsfirvaldinu, þ.e.a.s. Persónuvernd.

Verkefni persónuverndarfulltrúa eru margþætt líkt og að framan greinir, t.a.m. sér persónuverndarfulltrúi um að leggja mat á öryggisbresti og tilkynna þá til Persónuverndar þegar við á, sem og að fara yfir uppljóstranir sem berast í uppljóstrunargátt þegar þær varða persónuvernd. Persónuverndarfulltrúi hefur einnig verið til ráðgjafar hjá starfsstöðvum Reykjavíkurborgar og fagsviðum hennar þegar farið er í mat á áhrifum á persónuvernd (MÁP) vegna fyrirhugaðrar vinnslu persónuupplýsinga og gefið leiðbeiningar þar um. Persónuverndarfulltrúi fer einnig yfir vinnslusamninga sem varða vinnslu persónuupplýsinga og gefur leiðbeiningar og ráðgjöf þar um. Auk þess veitir persónuverndarfulltrúi almenna ráðgjöf og aðstoðar við fræðslu, t.a.m. þegar gera þarf fræðsluefni fyrir hina skráðu sem geta ýmist verið starfsfólk eða þjónustuþegar Reykjavíkurborgar. Að lokum má nefna stærri verkefni, líkt og að vera til ráðgjafar og aðstoðar við úttektir Persónuverndar, óska eftir fyrirframsamráði við Persónuvernd, senda inn umsagnir um breytingar á lögum sem varða persónuvernd og framkvæma athugun að eigin frumkvæði á framfylgd persónuverndarreglna hjá Reykjavíkurborg.

Persónuverndarfulltrúi hefur lagt áherslu á góð samskipti við þá sem til hennar leita og upplýsa þá m.a. um þær leiðir sem hægt er að fara í kjölfarið, eftir að mál hefur verið leyst innan Reykjavíkurborgar og eftir atvikum hjá Persónuvernd.

Persónuvernd er enn tiltölulega nýtt réttarsvið, þ.e. framfylgd persónuverndarlaga frá 2018 sem og persónuverndarreglugerðar, en lagasetningin hafði í för með sér miklar breytingar á hinum ýmsu starfssviðum. Er því fjöldinn allur af starfsfólki að stíga sín fyrstu skref hvað varðar framfylgd þessara reglna og margar spurningar sem vakna í þeim efnum, sem



persónuverndarfulltrúi svarar og leiðbeinir með. Unnið er að því að gera gæðahandbók fyrir fagsvið persónuverndar, þar sem helstu skjöl sem þurfa að lúta ákveðnum kröfum persónuverndarlöggjafarinnar verða upplistuð, sem og leiðbeiningar og verklýsingar um hin ýmsu atriði er varða persónuvernd.

Reykjavíkurborg vinnur með mikið magn persónuupplýsinga á degi hverjum á hinum ýmsu starfssviðum og því er mikilvægt að fræðsla og þekking á sviðinu sé góð. Reykjavíkurborg hefur sett sér persónuverndarstefnu sem var samþykkt í borgarstjórn þann 19. mars 2019 sem finna má á vefslóðinni reykjavik.is/personuverndarstefna. Þar er jafnframt vísað til persónuverndarfulltrúa og leiðum til að hafa samband við persónuverndarfulltrúa, m.a. til að beina fyrirspurnum vegna vinnslu persónuupplýsinga hjá Reykjavíkurborg. Upplýsingar um hlutverk persónuverndarfulltrúa er einnig að finna á heimasíðu Innri endurskoðunar og ráðgjafar, sjá nánar á vefslóðinni innriendurskodun.is/to/personuverndarfulltrui-reykjavikurborgar.

Ef einhverjar frekari spurningar vakna er velkomið að hafa samband með því að senda tölvupóst á netfang persónuverndarfulltrúa, personuverndarfulltrui@reykjavik.is, eða hafa samband í síma 411-1111.

Virðingarfyllst,

Hallur Símonarson
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar

Dagbjört Hákonardóttir
persónuverndarfulltrúi Reykjavíkurborgar